

SKÝRSLA UM STÖRF SAMTAKANNA

Kynnt á aðalfundi 21. apríl 2020

Tímabilið frá stofnun til 21. apríl 2020

- **Undirbúningur:** Þann 3. september 2019 var haldinn svokallaður [undirbúningsstofnfundur](#) í húsakynnum Samtaka iðnaðarins. Í lok hans var undirbúningsstjórn og formaður hennar kjörinn en hlutverk hennar var að klára þau mál sem þurfti að klára fyrir stofnfundinn og boða hann.
 - **Undirbúningsstjórn:** Oddný Anna Björnsdóttir formaður, Svava Hrönn Guðmundsdóttir varaformaður, Karen Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson og Þórhildur M. Jónsdóttir.
 - **Undirbúningsvarastjórn:** Ólafur Loftsson og William Óðinn Lefever.

Oddný, Sveinn og Óðinn gáfu ekki kost á sér í stjórn/varastjórn á stofnfundinum og komu Guðný, Þröstur og Auður inn í stjórn/varastjórn í þeirra stað.
- **Stofnun:** Samtökin voru formlega stofnuð á stofnfundi samtakanna þann 5. nóvember 2019 á Hótel Sögu og var honum einnig streymt á netinu, sjá [fundargerð](#) og [stofnsamþykktir](#). Á fundinum var stjórn kjörin sem skipti með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar. Fjallað var um stofnfundinn í [Bændablaðið](#), [Matarauður Íslands](#), [Samtök iðnaðarins](#) og [Viðskiptablaðið](#).
 - **Stjórn:** Karen Jónsdóttir formaður, Svava Hrönn Guðmundsdóttir varaformaður, Guðný Harðardóttir, Þórhildur M. Jónsdóttir og Þröstur Heiðar Erlingsson.
 - **Varastjórn:** Ólafur Loftsson og Auður B. Ólafsdóttir.
- **Framkvæmdastjóri:** Oddný Anna Björnsdóttir var ráðin af stjórn í lok nóvember og tók formlega til starfa sem verkataki mánudaginn 2. desember.
 - Í samningnum er gert ráð fyrir að hún setji að jafnaði 40 klst á mánuði í vinnu fyrir samtökin og rukkar fyrir það 300.000 kr. plús vsk.
 - Að jafnaði hefur hún sett a.m.k. 80 klst. í vinnu fyrir samtökin á mánuði en hefur ekki rukkað aukalega fyrir það.
- **Fyrirtækjaskrá:** Samtökin voru [skráð](#) hjá Ríkisskattstjóra og fengu kennitöluna 561219-2140.
 - Stjórn gekk frá skráningu á raunverulegum eigendum á vef RSK fyrir tiltekinn frest.
- **Bankapjónusta:** Landsbankinn er viðskiptabanki samtakanna. Reikn.nr.: 133-26-200168.

- **Tölvupóstur:** Til bráðabirgða var stofnað gmail (samtok.smaframleidenda.matvaela@gmail.com) fyrir samtökin sem framkvæmdastjóri hefur aðgang að. Þegar vefurinn var settur í loftið byrjuðu samtökin/frkvstj. að nota lénið ssfm@ssfm.is en gmailið verður virkt áfram.
- **Stjórnarfundir:** Stjórn og framkvæmdastjóri funduðu 10 sinnum á tímabilinu (í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom) og hafa á milli funda regluleg samskipti í gegnum Facebook Messenger hóp og síma.
- **Áætlanagerð:** Stefnumiðaða áætlunargerðar-aðferðafræðin Balanced Scorecard (BSC) og Plan of Action (PoA) var notuð. Einfölduð útgáfa af BSC má finna á [vef](#) samtakanna.
- **Fjárhagsáætlun** fyrir árið var gerð af framkvæmdastjóra í janúar og samþykkt af stjórn.
 - **Bókhald og ársreikningagerð:** Frkvstj. mun halda utan um bókhaldið yfir árið. Í lok hvers árs mun bókhaldið fara til þjónustusviðs SI/SA sem færir það og gerir ársreikning.
 - **Innheimta:** Gerður var samningur við Landsbankann um innheimtuþjónustu.
 - **Reikningar:** Gerður var samningur við [Kontó](#) um reikningagerð.
 - **Félagsgjöld:** Kröfur fyrir félagsgjöld ársins voru sendar út í mars til þeirra sem þá þegar höfðu skráð sig. Eftir það hafa kröfur verið stofnaðar jafnóðum.
- **Full aðild (10.000 kr.):** Í dag eru 54 [meðlimir](#) í samtökunum. 46 hafa þegar greitt félagsgjöldin.
- **Aukaaðild (5.000 kr.):** Í dag eru 33 [aukaaðilar](#) að samtökunum (ekki allir á vef) og hefur 31 þegar greitt aðildargjaldið.
 - Aukaaðilar uppfylla ekki þau skilyrði að vera smáframleiðendur en styðja markmið samtakana og sýna það í verki með aukaaðildinni.
- **Ráðgjafaráð:** 28 einstaklingar eru í ráðgjafaráði samtakanna. Í því sitja einstaklingar með reynslu og þekkingu á sviði samtakanna sem eru tilbúnir til að veita stjórn og framkvæmdastjóra ráð og stuðning, endurgjaldslaust.
- **Samtök iðnaðarins - ókeypiss aðild:** SI styðja samtökin með þeim hætti að félagsmenn þeirra fá ókeypis aðild að samtökunum og í gegnum þau Samtök atvinnulífsins.
 - Til að verða formlegir aðilar að SI þurfa félagsmenn SSFM að fylla út eyðublað sem þeim hefur verið sent og má finna á [vef](#) samtakanna og hafa greitt félagsgjaldið í SSFM.
- **Styrkir:** Matarauður Íslands 4.500.000 kr., Landbúnaðarklasinn 1.000.000 kr., Krónan 100.000 kr. Beiðnir um styrki hafa þegar verið og verða sendar til fleiri aðila.
- **Samstarfssamningar:** Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi 1.500.000 kr., Krónan 600.000 kr., Samkaup í vinnslu. Verða kynntir í næstu viku. Umsókn um styrk í [Uppbyggingarsjóð Austurlands](#) var hafnað.

- **Söluleiðir:** Á vef samtakanna er yfirlit yfir helstu söluleiðir fyrir smáframleiðendur.
 - **REKO - milliliðalaus viðskipti:** Upplýsingar um þá hópa sem eru starfandi o.fl.
 - **Matarmarkaðir:** Upplýsingar um þá verða settar inn þegar þær berast
 - **Smáframleiðendur senda heim – hópur á Facebook:** Tengill inn á hann.
 - **Smáframleiðendur og veitingafólk - sölusíða – hópur á Facebook:** Tengill inn á hann.
 - **Matvöruverslanir:** Upplýsingar um samstarfssamninga verða settir þarna inn.
- **Afsláttarkjör:** Eftirfarandi afsláttarsamningar hafa verið gerðir:
 - **Matís** um efna- og örverumælingar og túlkun og ráðgjöf þeim tengdum - var sendur á félagsmenn í tölvupósti.
 - **Hallormsstaðaskóli** býður félagsmönnum 10% afslátt af námskeiðum.
 Samningar um afsláttakjör við fleiri eru í burðarliðnum en þeir hafa tafist vegna covid-19.
- **Merki (lógó)** fyrir samtökin var hannað af Sóley Lee Tómasdóttir, nema í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og greiddu samtökin 80.000 kr. fyrir það. Kynnt 30. janúar 2020.
- **Vefur** fyrir samtökin ssfm.is var hannaður af nemanum Júlíusi Guðna hjá Extis og greiddu samtökin 80.000 kr. fyrir það. Settur í loftið sunnudaginn 5. apríl 2020 kl. 10:00. Frétt á bbl.is þann 17. apríl. Vefurinn er langstærsta einstaka verkefni samtakanna til þessa.
- **Askurinn:** Samtal við Markaðsstofu Vesturlands, Matarauð Íslands og Landbúnaðarháskólann er í gangi um aðkomu SSFM að matarhandverkskeppninni Askurinn.
- **Almenn kynning á samtökunum** var sett saman og deilt með félagsmönnum á FB og á vef. Hún hefur verið notuð á fundum þar sem samtökunum hefur boðist að kynna sig, þ.m.t. á fundi frkvstj. með forstöðumanni neytendaverndar og fagsviðsstjóra eftirlits búfjárafurða hjá Matvælastofnun og á námskeiðunum Matarkistan - beint frá býli á Vesturlandi og Vestfjörðum.
- **Fréttabréf:** Tvö [fréttabréf](http://frettabref) hafa verið send út, það fyrra fyrir tímabilið des 2019 - jan 2020 og það seinna fyrir feb-mar 2020. Planið er að senda út fréttabréf á tveggja mánaða fresti.
- **Umsagnaraðilar:** Samtökin voru sett á lista yfir umsagnaraðila um þau frumvörp (skráð hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu) og þingsályktunartillögur (skráð hjá nefndarsviði Alþingis) sem hafa með málefni samtakanna að gera.
- **Fjölmiðlaumfjöllun:** Til viðbótar við umfjöllun um undirbúningsstofnfundinn, stofnfundinn og vefinn.
 - Framkvæmdastjóri fór í [viðtal](http://vidtal) í *Samfélaginu* á RÚV um fæðuöryggi og því tengt mikilvægi innlends landbúnaðar og smáframleiðenda matvæla. Hefst á mín 25:20.
 - Formaður fór í [viðtal](http://vidtal) til Berglindar Håslar í *Hlaðvarpi HAVARÍ - samtal um lífræna ræktun og framleiðslu*, þar sem hún segist vilja að Ísland verði lífrænt, fyrst ríkja.

- [Viðtal](#) við Guðnýju Harðardóttur, stjórnarmann í SSFM og bónda á Gilsárstekk í Breiðdal, þar sem hún segir heimaslátrun vera góðan valkost fyrir hana birtist í *Fréttablaðinu* 21. febrúar.
- **VOR - verndun og ræktun:** Formaður SSFM var kjörin í stjórn [VOR](#) á aðalfundi félagsins þann 27. febrúar sl., en félagið er aukaaðili að SSFM þar sem þau styðja markmið félagsins og vinna að því að efla lífræna framleiðslu hér á landi.
 - Félagsmenn sem hafa áhuga á að fara út í lífræna ræktun og/eða framleiðslu geta haft samband við stjórn VOR fyrir stuðning og ráðgjöf, verndunograektun@gmail.com.
- **Beint frá býli:** Á aðalfundi BFB í haust verður kosið um það hvort BFB verði formlegir aðilar að SSFM.
- **Skilagjald:** Formaður sendi erindi á SI þar sem fyrirkomulagið var gagnrýnt og það SI að taka það fyrir, en þau eiga sæti í stjórn úrvinnslusjóðs. Í framhaldi af því sendi formaður erindi á tvö ráðuneyti sem vísuðu henni á Umhverfisráðuneytið sem tók ekki undir rökin. Málinu er þó ekki lokið.
- **Matarmarkaði Íslands í Hörpu** var frestað vegna covid-19 og því varð ekki af kynningu á samtökunum þar eins og til stóð.
- **Terra Madre 2020 – Stokkhólmi 22.-23. ágúst:** Hefur verið frestað fram á næsta ár vegna covid-19.
- **Terra Madre 2020 – Torino 8.-12. október.** Verið að undirbúa, en með fyrirvara vegna covid-19.
- **Flutningsjöfnunarstyrkur:** Vakin var athygli félagsmanna á [tímafrestinum](#) í FB hópi samtakanna og þeim félagsmönnum sem höfðu samband leiðbeint.
- **EU Horizon2020 project application DirectFood:** Samtökin eru orðin „a part of the external reference group.
 - EU Horizon2020 Coordination and Support action (CSA): „RUR-05-2020: Connecting consumers and producers in innovative agri-food supply chains“, eða DirectFood. <https://ec.europa.eu/info/funding-tenders/opportunities/portal/screen/opportunities/topic-details/rur-05-2020>
 - Markmið verkefnisins er: „to have a hands-on approach at integrating the needs of primary food producers with end-customers or consumers.“
- **Regluverk / Örslátrun á lögbýlum:** Vinna í tengslum við endurskoðun regluverks í átt til aukinna heimilda til slátrunar á lögbýlum og beinnar sölu bænda til neytenda stendur enn yfir.
 - Landbúnaðarráðherra hefur boðað framkvæmd tilraunaverkefnis um heimaslátrun í haust og hefur Þröstur Heiðar Erlingsson, stjórnarmaður í SSFM og bóndi í Birkihlíð í Skagafirði, komið að undirbúningi þess.
 - Boðað verður til fundar vegna tilraunaverkefnisins á næstu vikum, en frekari upplýsingar um það má nálgast hjá Presti og Ragnheiði í Birkihlíð í netfanginu raggalara@gmail.com.

- **Regluverk / Lítil fiskeldi á lögbýlum og einkalóðum:** Í tengslum við mál félagsmanns samtakanna sendu samtökin erindi til Matvælastofnunar þar sem þau spurðust fyrir um hvers vegna lítil fiskeldi á lögbýlum og einkalóðum sem eru frumframleiðsla í smáum stíl sem aukastarfsemi og afurðirnar afhentar (slægðar en ekki flakaðar) beint til neytenda eða staðbundins smásöluvyrirtækis féllu ekki undir hina svokölluðu [smáræðisreglugerð](#). Samtökunum hefur verið leiðbeint um framhaldið.
- **Reglugerð um lítil matvælaframtækni og hefðbundin matvæli:** Verið er að rýna [reglugerðina](#) og skrá athugasemdir sem þarf að fara áfram með.
- **Smáræðisreglugerðin - Reglugerð um framleiðslu og markaðssetningu aðila undir smáræðismörkum á matvælum og afhendingu frumframleiðenda á litlu magni matvæla beint til neytenda og staðbundinna smásöluvyrirtækja.** Verið er að rýna [reglugerðina](#) og skrá athugasemdir sem þarf að fara áfram með.
- **Aðalfundur:** Fyrsti aðalfundur samtakanna var boðaður og undirbúinn, þ.m.t. með gerð þessarar skýrslu og rekstrarreiknings fyrir tímabilið frá því framkvæmdastjóri var ráðinn, fram að aðalfundi.

Skýrsla rituð af framkvæmdastjóra

Oddný Anna Björnsdóttir

21. apríl 2020

Uppfærð 22. apríl 2020